

Dalapósturinn



4. tölublað 2011

Jörfagleði



2011

Jörvagleði

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur



ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN HF

Lífrænt vottaður þörungaáburður frá Þörungaverksmiðjunni hf. eykur heilbrigði og bætir lit plantna, skilar bragðbetra grænmeti.

Mikið notaður í lífrænni ræktun. Hefur langtímaáhrif í jarðvegi og má dreifa vor, sumar og haust. Vörumerkin eru: Garðamjöl og Green Grower. 10 kg pakkningar.

Þörungaverksmiðjan hf

Sími: 434 7740

Heimasíða: www.thorverk.is



EEA-EU Certification IS-1

Kæru Dalamenn nær og fjær.

Jörfagleði er menningarhátíð Dalamanna og hefur verið haldin annað hvort ár síðan 1977 og er þessi sú átjándi í röðinni. Undirbúningur og skipulagning er nú í höndum menningar- og ferðamálanefndar Dalabyggðar. Nefndin hefur lagt áherslu á beina aðkomu félagasamtaka og einstaklinga að einstaka viðburðum. Þannig hefur verið reynt að auka þátttöku sem flestra, auk þess sem frumkvæði og sköpunargleði íbúa eru virkjuð.

Eins og alltaf á Jörfagleði er fjölbreytt dagskrá, sambland af framlögum heimamanna og lengra aðkomnum. Í boði eru margskonar sýningar; leiksýning, listsýningar, sögusýningar ofl. Þá er í boði ferð fyrir Strandir undir leiðsögn heimamanna og fyrirlestur um landnámsmanninn Geirmund heljarskinn. Auk þess íþróttamót, námskeið og dansleikir. Í ár sem oftast eru viðburðir tengdir tónlist áberandi í dagskránni, enda eru nokkrir kórar, hljómsveitir og einstakir tónlistarmenn starfandi í héraðinu.

Nefndin hvetur íbúa til að taka fram skreytingaefnið sem þeir hafa sankað að sér á undanförunum árum í tengslum við ýmsar hátíðir og setja smá lit á umhverfi sitt nú í sumarbyrjun. Megintilgangur Jörfagleði er þó að Dalamenn komi saman, skemmti sér og njóti daganna. Það er von okkar að svo verði og í ár.

Geymið skrána og hafið meðferðis á hátíðina.

Gleðilegt sumar og góða skemmtun á Jörfagleði 2011.

*Herdís Erna Gunnarsdóttir
Íris Björg Guðbjartsdóttir
Halla Sigríður Steinólfsdóttir
Jón Egill Jóhannsson
Ólafur Gunnarsson*

Dagskrá Jörfagleði

Miðvikudagur 13. apríl

Megas, Gylfi og Rúnar Pór	21:00	Pöbbinn
---------------------------	-------	---------

Fimmtudagur 14. apríl

Útvarp Auðarskóli	20:00-22:00	FM 105,1
-------------------	-------------	----------

Föstudagur 15. apríl

Ljósmyndasýning Tona	11:30-18:00	Leifsbúð
Leirmunasýning Guggu	11:30-18:00	Leifsbúð
Ólafsdalssýning	11:30-18:00	Leifsbúð
Listasafn Dalasýslu	11:30-18:00	Leifsbúð
Útvarp Auðarskóli	17:00-19:00	FM 105,1
Setning Jörfagleði	19:50-20:00	Dalabúð
Baðstofan	20:00	Dalabúð
Halli Reynis	22:00-01:00	Leifsbúð
Feðgar	23:00-03:00	Pöbbinn

Laugardagur 16. apríl

Morgunkaffi með kusunum	10:00-11:30	Erpsstaðir
Hestaíþróttamót	10:00-16:00	Reiðvöllur Glaðs
Fótboltamót UDN	10.00	Laugar - íþróttahús
Ljósmyndasýning Tona	11:30-18:00	Leifsbúð
Leirmunasýning Guggu	11:30-18:00	Leifsbúð
Listasafn Dalasýslu	11:30-18:00	Leifsbúð
Ólafsdalssýning	11:30-18:00	Leifsbúð
Gjörningur	12:00	Auðarskóli - lóð
Markaður	12:00-18:00	Björgunarsveitarhús
Tindanáma	12:00-17:00	Auðarskóli
Nemendasýning	12:00-17:00	Auðarskóli
Kurteist fólk	13:00-14:30	Dalabúð
Davíðsmótið	13:00	Silfurtúni
Kaffi-Kind	13:00-17:00	Hrútsstaðir
Spunakonur	14:00-17:00	Auðarskóli
Tónlistarhátíð í Dölum	15.00-18.00	Dalabúð
Útvarp Auðarskóli	17:00-19:00	FM 105,1
Pöbbaball Eitís	22:00	Pöbbinn
Skítamóral	23:00	Dalabúð

Sunnudagur 17. apríl

Leirmunasýning Guggu	11:30-18:00	Leifsbúð
Listasafn Dalasýslu	11:30-18:00	Leifsbúð
Ólafsdalssýning	11:30-18:00	Leifsbúð
Ljósmyndasýning Tona	11:30-18:00	Leifsbúð
Tindanáma	13:00-17:00	Auðarskóli
Nemendasýning	13:00-17:00	Auðarskóli
Kaffi-Kind	13:00-17:00	Hrútsstaðir
Útvarp Auðarskóli	17:00-19.00	FM 105,1
Spurningakeppni	20:00	Dalabúð

Mánudagur 18. apríl

Dansnámskeið og sýning	11:00-15:30	Auðarskóli
Listasafn Dalasýslu	11:30-18:00	Leifsbúð
Ólafsdalssýning	11:30-18:00	Leifsbúð
Ljósmyndasýning Tona	11:30-18:00	Leifsbúð
Leirmunasýning Guggu	11:30-18:00	Leifsbúð
Kaffi-Kind	13:00-17:00	Hrútsstaðir
Útvarp Auðarskóli	17:00-19:00	FM 105,1
Foreldrafótbolti	17:00	Sparkvöllur

Þriðjudagur 19. apríl

Ólafsdalssýning	11:30-18:00	Leifsbúð
Ljósmyndasýning Tona	11:30-18:00	Leifsbúð
Leirmunasýning Guggu	11:30-18:00	Leifsbúð
Listasafn Dalasýslu	11:30-18:00	Leifsbúð
Fyrir Strandir	12:00-16.00	Vegur 590
Kaffi-Kind	13:00-17:00	Hrútsstaðir
Geirmundur heljarskinn	17:00-18.00	Leifsbúð
Rathlaup	17:00	Laugar - íþróttahús
Baðstofan	20:00	Dalabúð

Miðvikudagur 20. apríl

Íþróttaskóli	9:15-10:45	Laugar - íþróttahús
Ljósmyndasýning Tona	11:30-18:00	Leifsbúð
Leirmunasýning Guggu	11:30-18:00	Leifsbúð
Listasafn Dalasýslu	11:30-18:00	Leifsbúð
Ólafsdalssýning	11:30-18:00	Leifsbúð
Kaffi-Kind	13:00-17:00	Hrútsstaðir
Páskabíngó	17:00-18.00	Auðarskóli
Slátrið - rokktonleikar	20:00-24:00	Dalabúð

**Gleðilegt sumar og
góða skemmtun á Jörvagleði**

Bjóðum uppá

- alhliða bókhaldsþjónustu
- skattframtalsgerð
- ársreikningagerð
- launaútreikning
- vsk uppgjör ofl.

Debet/Kredit ehf.

Álftahólum 2, Reykjavík
434 7997 / 847 9974
debetkredit@simnet.is

Miðbraut 2, Búðardal
434 1315 / 896 8315
ijo@simnet.is

Bolli handverk



**Opið verður um Jörvagleði
og páska.**

**15.-25. apríl
Frá kl. 14:00-18:00**

**Lokað föstudaginn langa
og páskadag.**



**Hlökkum til
að sjá ykkur**

KM ÞJÓNUSTAN
SÍMI 434 1611 www.km.is



**VÖRUFLUTNINGAR - DRÁTTARBÍLL
BIFREIÐAVERKSTÆÐI - DEKKJA OG SMURÞJÓNUSTA
LANDBÚNAÐAR OG VARAHLUTAVERSLUN**

Tónlistarhátíð

Tónlistarhátíð í Dölunum verður haldin laugardaginn 16. apríl í Dalabúð og hefst dagskrá kl. 15.

Fram kemur tónlistarfólk á öllum aldri úr Dalabyggð. Kórarnir Vorboðinn, Þorakórinn, kór Auðarskóla og Sönghelgarkórinn stíga á stökk. Tónlistarnemendur úr tónlistardeild Auðarskóla flytja tónlist, Harmonikkusveitin Nikkólína, auk þess sem Íris og Keli spila einnig lög af nýútökomnum geisladiskum sínum.

Von er á góðum gestum frá nágrannasveitarfélögum. Stúkurnar er tríó vaskra kvenna frá Akranesi og koma þær til með að gleðja okkur með tónlistarflutningi sínum, auk kennara og tónlistarfólks úr tónlistaskóla Borgarfjarðar. Tveir einsöngvarar ætla að gleðja okkur með fögrum söng en það eru Ólafur Rúnar Einarsson og Jóhanna Ósk Valsdóttir. Ólafur er tónlistarkennari við Auðarskóla og Jóhanna Ósk bjó hér í Dölunum á yngri árum þegar faðir hennar Valur var skólastjóri Laugaskóla.

Kynnir verður Dalamaðurinn Þorgeir Ástvaldsson. Frítt er á tónlistarhátíðina.

Tónlistarhátíðin er styrkt af Menningarráði Vesturlands.

Megas, Gylfi Ægis og Rúnar Þór

Megas, Gylfi Ægisson og Rúnar Þór verða með tónleika á pöbbanum í Búðardal miðvikudaginn og hefjast þeir kl. 21. Miðaverð er 1.500 kr.

Halli Reynis

Halli Reynis heldur tónleika í Leifsbúð föstudagskvöldið 15. apríl, kl. 22.

Halli hefur verið trúbador allt frá því hann byrjaði sinn tónlistarferil og hefur hann gefið út 7 geisladiska með eigin lögum og textum. Hann á rætur að rekja til Dalasýslu og titlar sig sem Dalamann þegar honum sýnist.

Miðaverð er 1.000 kr.

Feðgar

Trúbadorinn Jóh Baldurs ásamt Stjána verða á Pöbbanum föstudagskvöldið 15. apríl kl. 23 - 3. Miðaverð er 1.000 kr.

Skítamóral

Nesoddi stendur fyrir stórdansleik með Skítamóral laugardagskvöldið 16. apríl í Dalabúð, kl. 23. Miðaverð er 2.500 kr.



VINNUVÉLAR - VERKTAKAR - VÖRUBÍLAR

Bjódum vinnu með ýmsum tegundum vinnutækja eins og:
vörubíla, dráttarbíla, malarvagna, flutninga- og vélavagnar,
traktorsgröfu, hjóla-, belta-, og múnigröfur,
beltavagn, skotbómulyftara, fleyga, þjöppu, o.fl.

Munið okkar vönduðu vinnubrögð við
allar tegundir jarðvegsverkefna.



Vöruflutningar: Dalir – Reykhólahreppur.

Jóhann Á. Guðlaugsson ehf

Netfang: johannaehf@simnet.is

Kolur ehf.

Netfang: kolurehf@centrum.is

Vesturbraut 12, 370 Búðardal

S: 434-1343, 893-2223 og 892-3333, Fax: 434-7808

Ópía ehf, Leifsbúð

Netfang: leifsbud@dalir.is

Búðarbraut 1, 370 Búðardal

S: 434-1441; 869-4463



Eitísball

Eitís ball á pöbbanum laugardagskvöldið 16. apríl kl. 22.

Diskó frískó og fjólublátt ljós við barinn og Villi og Lúlla og fullt af 80's tónlist allt kvöldið og dans. Frír aðgangur.

Slátrið

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu (FSD) standa fyrir rokktónleikunum Slátrið í Dalabúð, miðvikudaginn 20. apríl, kl. 20 - 24.

Á tónleikunum koma fram Detail (tónlistardeild Auðarskóla), Ferlegheit (blúsrokkband með Dalamann innanborðs), Pungsig (rokkarar úr Dalabyggð og Reykhólasveit), Óli ofur (ættaður úr Dölunum), Vicky (stelpurokksveit með einum strák) og trúbadorinn Svavar Knútur.

Þetta eru tónleikar fyrir alla fjölskylduna og því tilvalið rifja upp gamla takta úr rokkinu með börnunum og barnabörnunum. Miðaverð 1.000 kr og frítt fyrir börn 14 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Styrktaraðilar að Slátrinu eru Menningarráð Vesturlands, Jötunn-vélar, Rafal, HB Grandi, Sprettur áburður, Lífland, Sláturhús KVH og Dalabyggð.

Útvarp Auðarskóli

Nemendur efstu bekkja Auðarskóla starfrækja útvarp á Jörfagleðinni frá fimmtudeginum 14. apríl til mánudagsins 18. apríl.

Umsjón og gerð þátta verður alfarið í höndum nemenda; fluttar verða auglýsingar og tilkynningar, tekin viðtöl, spiluð verður tónlist úr ýmsum áttum svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur eru nú á fullu að undirbúa útvarpsútsendingar og verður mikið fjör í kringum Auðarskóla á þessum dögum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Jörfagleði og nemendafélags Auðarskóla. Kynnið ykkur nánari tímasetningar í bæklingnum, www.dalir.is og á facebook- Jörfagleði í Dölum. Verið rétt stillt á hátíðinni: FM 105,1.

Páskabingó

Hið árlega páskabingó kvenfélagsins Þorgerðar Egilsdóttur verður miðvikudaginn 20. apríl kl. 17 í efri sal Auðarskóla í Búðardal. Páskaegg í vinninga.



VIÐ LEGGJUM LIÐ

Lionsklúbbur

Búðardals

óskar Dalamönnum og gestum
ánægjulegrar

Jörfagledi 2011

og þakkar þann stuðning sem
hann hefur notið í starfi sínu

Gleðilegt sumar

Góða skemmtun á Jörfagledi 2011

Vélaleiga Gilberts Elíssonar

Hvammsskel

Ungmennafélagið Æskan

Hestaskjól

Ungmennafélagið Stjarnan

Glímufélag Dalamanna

Ungmennafélagið Ólafur Pái

Fjórir fætur ehf.

Steinver

Ferðapjónustan Þurranesi

Starfsmannafélag Fellsenda

Ferðapjónusta bænda

Reykhólahreppur

Stóra-Vatnshorni

Kvenfélagið Fjóla

Einar Kristjánsson

Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir

Í Leifsbúð verða leirmunasýning Guggu, ljósmyndasýning Tona, Ólafsdalssýning og listaverkasýning Listasafns Dalasýslu. Sýningar í Leifsbúð verða opnar frá föstudeginum 15. apríl til miðvikudagsins 20. apríl, kl. 11:30-18:00. Á sama tíma verður kaffihúsið í Leifsbúð opið.

Í Auðarskóla verða sýningar um Tindanámu og á nemendaverkum laugardaginn 16. apríl og sunnudaginn 17. apríl, kl. 12 - 17. Spunakonur verða auk þess á laugardeginum kl. 14 - 17.

Á Hrútsstöðum í Laxárdal er síðan safnarasýning.

Leirmunasýning Guggu

Guðbjörg Björnsdóttir (Gugga í Sælingsdalstungu) er með sýningu á handunnum leirmunum úr dalaleir í Leifsbúð.

Þema sýningarinnar er sauðkindin. Gugga lauk námi við Kennaraháskóla Íslands árið 1991 og starfar sem myndmenntakennari í Auðarskóla. Þetta er fyrsta sýningin hennar.

Ljósmyndasýning Tona

Björn Anton er fæddur og uppalinn í Stykkishólmi. Hann hefur alla tíð haft næmt auga fyrir því fallega í umhverfi sínu.

Síðastliðin ár hefur hann verið öflugur áhugaljósmyndari og unnið með margvísleg viðfangsefni. Í þetta sinn eru það fossar og vatnsföll í Dölum.

Ólafsdalssýning

Sýningin spannar sögu Búnaðarskólans í Ólafsdal 1880-1907 og er samstarfsverkefni Ólafsdalsfélagsins og Landsbókasafns Íslands–Háskólabókasafns, auk þess sem fjölmargar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök veittu Ólafsdalsfélaginu styrki til sýningarhaldsins.

Frumkvöðullinn Torfi Bjarnason stofnaði skólann og rak hann í 27 ár ásamt konu sinni Guðlaugu Zakaríasdóttur. Kennsla var bæði verkleg og bókleg og mikil áhersla lögð á jarðrækt. Alls voru innritaðir í skólann 154 nemendur úr flestum héruðum landsins.

Listasafn Dalasýslu

Listasafn Dalasýslu var stofnað 1993. Í Leifsbúð er sýning á völdum verkum úr eigu safnsins, en í vetur bættist í safnið verk eftir Eggert Pétursson.



MEGIN^{HF}

Trésmiðja — Búðardal

Þjónusta við húseigendur

Vesturbraut 8, sími/fax 434-1312

megin@simnet.is

Hópförðabílar
Astvaldar



Hofakri

Sími: 434-1279

Farsími: 892-7252



Ákjósanlegur staður

Laugar í Dalasýslu

er ákjósanlegur staður fyrir minni og stærri hópa, fyrirtæki, stofnanir og félagahópa til að halda árshátíðir, ráðstefnur og til hvataferða. Laugar er einnig tilvalinn staður til æfingaferðar fyrir íþróttafélög og margt fleira. Gisting og önnur aðstaða við allra hæfi. Upplýsingar í sínum 434-1600/861-2660 eða á www.umfi.is

Tindanáma

Sögufélag Dalamanna er með sýningu um námuvinnslna á Tindum á Skarðsströnd.

Viðá við Breiðafjörð og á Vestfjörðum er að finna surtarbrand sem var nýttur til heimilis. Surtarbrandsnáman á Tindum var þó stórtækari en það og var þar um all viðamikinn námurekstur að ræða á tímabili með námugöngum neðanjarðar, járnbrautateinum og námuverkamönnum úr héraði. Menjar námunnar má enn sjá við Tindafjöru.

Verkefnið er styrkt af Menningarráði Vesturlands

Spunakonur

Konur sem voru á námskeiði hjá Ritu Freyju Bach í vetur ætla að vera með sýningu á tóvinnu laugardaginn 16. apríl í Auðarskóla, kl. 14 - 17.

Þessar kátu kvensur ætla að kember, spinna, tvinna, þrjóna, vattarsauma og ýmislegt fleira tengt ull. Auk þess sem þær verða með sýnishorn af ullinni frá því hún kemur af kindinni og þar til hún er orðin að einhverju nothæfu.

Nemendasýning Auðarskóla

Sýning á verkum nemenda frá þemadögum Auðarskóla fyrr í vetur.

Kaffi-Kind

Einkasöfn Boggu á Sauðhúsum og Bergþóru á Hrútsstöðum á munum tengdum sauðkindinni verða til sýnis á Hrútsstöðum í Laxárdal. Sýningin verður opin 16. - 20. apríl kl. 13 - 17 og hægt verður að kaupa kaffi á sýningunni.

Gjörningur

Gjörningur verður framinn laugardaginn 16. apríl kl. 12 á lóð Auðarskóla við Vesturbraut.

Systkinin Íris og Þorgrímur, bæði Guðbjartsbörn, munu framkvæma gjörning til að kveða í kútinn hinn illræmda hrepparíg í eitt skiptið fyrir öll!

Markaður

Markaðsdagur verður í Björgunarsveitarhúsinu við Vesturbraut, laugardaginn 16. apríl milli kl. 12 og 18.

Allir þeir sem áhuga hafa á að kynna og/eða selja vöru sína eða þjónustu eru beðnir um að hafa samband við Herdísi í síma 695 0317 eða nota netfangið jorfragledi2011@gmail.com.

*Svæða- og viðbragðsfræðingur
í Búðardal*



*Tímapantanir í síma 699-6171
Íris Björg Guðbjartsdóttir*



**Þjónustuskrifstofan
Búðardal**

Gleðilegt sumar!

Melkorka Benediktsdóttir

Þjónustufulltrúi

Miðbraut 15

**Opin: 13-16 alla virka daga
Sími: 434-1415 / 869-9265**

Sveinn á Staðarfelli

Hef bíla við flest tækifæri

S. 434-1288,
893-6633
& 854-2204



Baðstofan

Leikfélag Laxdæla setur upp leikritið Baðstofan eftir Hugleik Dagsson undir leikstjórn Margrétar Ákadóttur. Sýningar verða í Dalabúð föstudaginn 15. apríl kl. 20 og þriðjudaginn 19. apríl kl. 20.

Verkið gerist í kringum sautján hundruð og súrkál og þar er skyggst inn í myrkan en magnaðan heim, því í baðstofunni er ekki allt sem sýnist. Úr þessum hörmungum sprettur þó sitthvað fallegt og kolsvartur húmor höfundarins nýtur sín einkar vel. Miðaverð er 2.200 kr fyrir fullorðna, 1.600 fyrir ellilífeyrisþega og börn 14 ára og yngri.

Kurteist fólk

Poppoli kvikmyndafélag frumsýnir í Búðardal kvikmyndina Kurteist fólk sem tekin var upp í Dölunum sumarið 2009 með kærkominni aðstoð og velvilja heimamanna.

Kvikmyndin verður sýnd í Dalabúð laugardaginn 16. apríl kl 13. Miðaverð er 1.000 kr. Munu aðstandendur láta meirihluta ágóðans renna til uppbyggingar á svæðinu í samráði við sveitastjórn Dalabyggðar.

Ferð fyrir Strandir

Í tengslum við fyrirlestur dr. Bergsveins Birgissonar um Geirmund heljarskinn er boðið upp á rútuferð með leiðsögn um landnám Geirmundar, auk stoppa á völdum stöðum.

Farið verður frá Leifsbúð kl. 12 stundvíslega. Panta skal tímanlega í ferðina hjá jorfagledi2011@gmail.com eða í síma 893 3211 (Halla). Verð er 2.000 kr.

Geirmundur heljarskinn

Að ferð fyrir strandir lokinni mun Bergsveinn Birgisson verða með fyrirlestur í Leifsbúð þriðjudaginn 19. apríl kl. 17. Þar mun hann rekja uppruna og ferðir Geirmundar og fjalla um landnám Geirmundar á Skarðsströnd og Hornströndum. Bergsveinn Birgisson er doktor í norrænum fræðum og hefur lengi stundað rannsóknir á ævi og umhverfi Geirmundar heljarskins.

Morgunkaffi með kusunum

Á laugardagsmorguninn er opið hús í fjósinu á Erpsstöðum kl. 10 - 11:30.

Auk þess mun Rjórabúið á Erpsstöðum reka kaffihús í gömlu mjólkurbúðinni í Búðardal frá föstudegi til mánudags og selja þar afurðir sínar.

Til afnota í sumar
Stóðhesturinn
Stimpill frá Vatni



Stimpill er geðgóður, bolléttur gæðingur, fimmgangs-
hestur með gott tölt.

Stimpill er undan Kolfinni frá Kjarnholtum
og Náttfaradótturinni Hörn frá Langholti.

Hæfileikar: 8,63
Sköpulag: 7,93
Aðaleinkunn: 8,35
Verð kr. 60.000 án VSK
S: 434 1350/661 0434

Þetta er einfaldlega besti hestur á Íslandi.....koma svo!!
Með kveðju, Siggí á Vatni.

Dansnámskeið og sýning

Dansnámskeið á vegum Dansskóla Evu Karenar verður haldið í Auðarskóla fyrir börn í 3. – 10. bekk. Fyrri hópur 3. – 6. bekkur: Kl. 11 – 13. Seinni hópur 7. – 10. bekkur: Kl. 13.30 – 15.30. Kennarar á námskeiðinu verða með danssýningu kl. 13 - 13:30 á milli kennslu hjá hópum. Allir velkomnir á danssýningu.

Mikilvægt er að allir skrái sig sem áhuga hafa á að taka þátt: Herdís s: 695 0317 eða jorfagledi2011@gmail.com. Námskeiðið kostar: 800 kr.

Íþróttaskóli

Miðvikudaginn 20. apríl verður íþróttaskóli fyrir öll börn á leikskólaaldri á Laugum. Yngri deildin mun koma kl. 9.15 og sú eldri klukkan 10.00. Það fer rúta frá leikskólanum klukkan 9.00 og 9.45. Nánari upplýsingar verður hægt að fá á leikskólanum.

Foreldrafótbolti

Mánudaginn 18. apríl ætla knattspyrnukrakkarnir í Óla Pá að skora á foreldra sína í fótbolta. Við byrjum kl. 17 á sparkvellingum í Búðardal og spilað verður í klukkutíma eða 6x10 mínútur.

Rathlaup

Skátafélagið Stígandi stendur fyrir Fjölskyldu-rathlaupi á Laugum þriðjudaginn 19. apríl kl. 17 - 19. Keppnin snýst um að leysa verkefni á stöðvum á sem allra stystum tíma.

Hestaíþróttamót

Hestamannafélagið Glaður heldur sitt árlega hestaíþróttamót á keppnisvelli sínum í Búðardal laugardaginn 16. apríl. Dagskráin birtist á vefnum www.gladur.is.

Spurningakeppni Dalabyggðar 2011

Nú verður spurningakeppni Dalabyggðar endurvakin í tengslum við Jörfagleði og verður í Dalabúð, sunnudagskvöldið 17. apríl, kl. 20. Aðgangseyrir 500 kr. fyrir 14 ára og eldri.

Davíðsmótið

Davíðsmótið í brigde verður haldið á Silfurtúni laugardaginn 16. apríl kl. 13.

Skráningar á netfanginu jorfagledi2011@gmail.com eða hjá Ingibjörgu á Silfurtúni í síma 434 1218.

Fótboltamót UDN

Fótboltamót UDN verður haldið í íþróttahúsinu Laugum á laugardeginum kl. 10. Kristján Gauti Karlsson tekur á móti skráningum í síma 844 7247.

Gleðilegt sumar
og góða skemmtun á Jörfagleði

Opið Jörfagleðidagana:

Fimmtudag og föstudag kl. 13 – 18

Laugardagur kl. 12 – 16

Opið á páskum:

Skírdagur / sumardagurinn fyrsti kl. 12 – 16



Blóm og skreytingar við öll tækifæri

Blómalindin

Vesturbraut 6, Búðardal
Sími/Fax: 434-1606
Gsm: 894-6808

Hárstofan

Búðardal

Verð með opið á sumardaginn fyrsta og
laugardaginn 25. apríl frá kl. 10:00.

Annars er opið sem hér segir

Mánudag – Föstudag

10:00 – 18:00

og eftir nánari samkomulagi



Með kveðju,

Helga Dóra Rúnarsdóttir

Hárstofan Búðardal Sími 434-1617



Árangur þinn er okkar **takmark**



*Starfsmannafélag
Dala og Snæfellsnessýslu*

*Óskar landsmönnum
gledilegs sumars*

Birgisás ehf.

– Smábátaútgerð –

Góða skemmtun á

Jörfagleði 2011



Frjálssar handfæraveiðar !

Sparnaðarreikningar

Vilt *pú* spara
til að eiga *varasjóð*
– eða bara af því að *pig*
langar í eitthvað sérstakt?

Það er góð tilfinning að eiga varasjóð. Hvort sem lítið er til skemmi eða til lengri tíma þá býður Arlon banki þér úrval sparnaðarreikninga í samræmi við þínar þarfir. Saman finnum við ákjósanlegustu leiðina til að uppfylla þarfir þínar.




Hafðu samband við ráðgjafa okkar og kynntu þér úrvalið sem við höfum upp á að bjóða. **Við tökum vel á móti þér.**



Hafðu samband
sími 444 7000 • arlonbanki.is



Arlon banki



Við erum í nágreinninu

- af því að þig vantar alltaf eitthvað strax

Samkaup strax

Gríptu í gott

**Hjá SAH Afurðum ehf.
er lögð áhersla á trausta
og góða þjónustu
við slátrun sauðfjár, hrossa,
folalda, nautgripa og svína**

**Getum bætt við okkur slátrun
í öllum tegundum**

Þökkum farsæl viðskipti



SAH Afurðir ehf.

SAH Afurðir ehf. Húnaþraut 39 540 Blönduós
Sími 455 2200 Fax 455 2201 Netfang sah@sahun.is www.sahun.is



Sláturhús KVH ehf.

Sauðfjárslátrun

Nautgripaslátrun

Hrossasláturn

Kjötvinnsla

Norðurbraut 24, 530 Hvammstanga.

Sími 455-2330

www.skvh.is

Kostir þess að vera í Stofni


Nágrannavarsla

Vegaðstod

Afsláttur af
tryggingum

Bílaleigubíll í 7 daga
vegna kaskótjóns

Afsláttur af
barnabílstólum



Ahoy!

Nú ferðu ekki lengur með feita tékkann í bankann!

Innleystu endurgreiðsluávísunina á sjova.is

Þessa dagana færð þú ásamt 18.830 öðrum
tjónlausum og skilvissum **viðskiptavinum í Stofni**
hluta af íðgjöldum síðasta árs endurgreidd

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

Vantar þig aðstod?
Hringdu í 440 2000 ef
þig vantar aðstod við að
innleysa ávísunina

SJÓVÁ

STOFN



Gæðingurinn á áburðarmarkaðinum

Hjá þeim sem vilja ná hámarksárangri í búskap er áburðurinn eitt þeirra atriða sem skipta máli. Góð dreifing og nýting næringarefna getur skipt sköpum varðandi fóðrun og heilsufar gripa. Allur Yaraáburður er einkorna gæðaáburður. Dæmi um mikilvægt efni er snefléfníð selen og Yara býður m.a. selenbættan áburð fyrir tún og beitilönd. Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúa Yara í heimahéraði eða hjá aðalskrifstofu í síma 575-6000 og á vefnum yara.is



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • IS-110 Reykjavík • Sími: 575 6000 • Fax: 575 6090 • www.yara.is



Gæði, metnaður og áreiðanleiki

Kjötafurðastöð KS starfrækir fullkornustu og framsæknustu afurðastöð á landinu.

Mikil áhersla er lögð á að þjónusta viðskiptavini ásamt því að lagður er mikill metnaður í öryggis-, gæða- og umhverfismál fyrirtækisins.

Við þökkum stækkandi viðskiptavinahópi fyrir samskiptin og bjóðum nýja viðskiptavini velkomna og geta bændur snúið sér beint til kjötafurðastöðvarinnar eða til umboðsmanna um land allt.

KS Kjötafurðastöð

Eyravogi 20 550 Sauðárkrúkur
T: 455 4580 bondi@ks.is





Mikið úrval af
vörum fyrir
sauðfiárbændur.



NÝTT!
Allur búnaður
fyrir heimilishænur
og kanínur.



RJÓMABÚIÐ



ERPSSTAÐIR

Rjómabúið Erpsstaðir ver stofnað árið 2010 og er staðsett í Dalagötu sunnan við Bóllandi.

Heimagerður is, skyr, ostur o.fl.

Rjómabúið Erpsstaðir opnar Rjóma-kaffihús í gömlu
mjólkurbúðinni á Vesturbraut 15 um Jörfagleðina.
Boðið verður upp á heitt kaffi, með rjóma og ýmisskonar
meðlæti framleiddu af Rjómabúinu Erpsstöðum.

Grikki
FETAOSTUR

Övulashyr
-Ákag skyr og smör þessi

Kjaff-æði
-Betta kjaffab

Opið sem hér segir:

föstudag 15. apríl kl. 14 - 19

laugardag 16. apríl kl. 13 - 19

sunnudag 17. apríl kl. 13 - 19

mánudag 18. apríl kl. 11 - 15



Kíkið í kaffi og fáðið
ykkur einn með rjóma!

www.erpsstadir.is
Sími: 847 0847

Íslenskir ostar – hreinasta afbragð

PHOTO: KJUSSEN/SCA - 10-1381

